

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1988.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1987 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1988. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Par til álagning ársins 1988 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 13,1% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1987. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1987 en tekjuskatt, sjúkratryggingagjald, sóknargjald og gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1 000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1988 skv. 2. gr.

Úmsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina úmsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árána 1986 og 1987 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1987 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1986 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 31%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduáæstæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi úmsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á úmsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuadila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1988 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1987.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

1. Vottorð um veður.	Kr.
1.1. Grunnjald	420
1.2. Hvert atriði í veðurathugun	7
1.3. Endurrit á veðurspám	
Veðurlýsing, yfirlit	95
Veðurspá fyrir spásvæði	95
Sé vottorð gefið á erlendu máli leggjast 50% ofan á grunnjald.	
2. Sérþjónusta á veðurspádeild.	
2.1. Teiknuð drög að Íslandskorti, 24 klst. eða 36 klst. spár	565
2.2. Teiknuð drög að Íslandskorti fyrir sjónvarp, 24 klst. spár	565
2.3. Fullunnið yfirlitskort fyrir dagblöð	1 125
2.4. Sérsmáar veðurhorfur fyrir afmörkuð svæði	285
2.5. Fyrir aðra sérþjónustu sem unnin er reglulega er tímaeining metin og sama viðmiðun notuð.	
3. Útseld vinna sérfræðinga á klukkustund.	
3.1. Almenn sérfræðistörf	1 540
3.2. Umfangsmikil sérfræðistörf	1 645
3.3. Sérfræðistörf með stjórnun	1 761
4. Útseld tölvugögn.	
4.1. Farið inn á afleiddar skrár á stöð og mánuð	14
4.2. Frumathuganir (á 1000 athuganir)	140
4.3. Lágmarksgjald beggja liða	1 400
4.4. Tölvuvinnslukostnaður greiðist samkvæmt tímareikningi tölvu og taxa SKÝRR.	
5. Önnur þjónusta.	
5.1. Sérunnið mánaðaryfirlit á stöð og mánuð	650
5.2. Tölvuprentun á mánaðaryfirliti á stöð og mánuð	200
5.3. Clímat-áskrift á stöð og mánuð — 1 stöð á ári	1 700
5.4. Fyrir hverja stöð til viðbótar	250